

KENNSLU- LEIÐBEININGAR

MEÐ SÖLKU VÖLKU

EFTIR HALLDÓR LAXNESS

Þórður Helgason

tók saman



Vaka-Helgafell

KENNSLU- LEIÐBEININGAR

MEÐ SÖLKU VÖLKU

EFTIR HALLDÓR LAXNESS

Þórður Helgason

tók saman



Vaka-Helgafell

**KENNSLULEIÐBEININGAR
MEÐ SÖLKU VÖLKU**

© Vaka-Helgafell hf. 1997

Þórður Helgason tók saman

Útgefandi: Vaka-Helgafell hf.

Reykjavík 1997

Fjölritun: Offsetfjölritun hf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 9979-2-1214-4

Um þetta hefti

Ekki er að efa að kennarar geta farið ýmsar leiðir – og þær margar góðar – til að gera *Sölku Völku* skil. Sumir vilja ef til vill lesa hana hratt og grípa á meginmálum en sniðganga hið smáa. Aðrir sjá sér leik á borði og dvelja lengi við efni sögunnar. Nokkrir munu vafalítið fara einhverja leið þar á milli.

Í þessu hefti vel ég mér þann kost að benda á fjölda umræðuefna og verkefna sem gætu komið kennurum að gagni. Þeir velja og hafna eftir atvikum og bæta hugsanlega við einhverju sem þeim finnst á skorta.

Ég geng út frá því að sagan sé lesin í heild sinni áður en til sjálfrar kennslunnar kemur. Sumir kennarar vilja hugsanlega staldra við á einhverju skeiði eða skeiðum, t.d. við lok hvers hinna fjögurra kafla sögunnar, og er þeim það vitaskuld í sjálfsvald sett.

Ég hef hér valið mér þann kost að benda á ákveðin *verkefni*, sem ég kalla svo, og orðlengja talsvert um hvert þeirra. Kennarar vilja áreiðanlega ráða því sjálfir, svo sem vera ber, hvort þeir gera verkefnum skil með umræðum í bekk, ritgerðavinnu nemenda eða öðrum aðferðum.

Það skal tekið fram að ég legg mikið upp úr umræðuaðferð, samtölum og rökræðum, sem kennsluaðferð í *Sölku Völku*. Margt í verkinu er ögrandi og mun hreyfa verulega við nemendum og því finnst mér það rökrétt aðferð í yfirferð. Hópvinna, ritgerðasmíð og heimildavinna eru einnig aðferðir sem henta vel, einkum er líður á yfirferð.

Þórður Helgason

Undirbúningur

Ljóst er að nemendur þurfa nokkurn tíma til að lesa svo viðamikla bók sem *Salka Valka* er. Auk þess mun mörgum unglingnum ekki veita af nokkurri uppörvun og hvatningu, einhverju sem vekur forvitni og áhuga. Ég tel víst að kennari geti notað tímann vel meðan nemendur lesa bókina og eflt þá til meiri áhuga en ella væri. Það sem mér sýnist helst koma til greina til að auka skilning og áhuga á verkinu eru þessi atriði:

1.

Langflestir nemendur vita eitthvað um Nóbelskaldið – en ljóst er að sú þekking er brotakennd, stundum í meira lagi. Ég legg til að fyrsta skrefið sé mjög nákvæm kynning á skáldinu, ævi hans og verkum. Halldór hefur lifað ævintýralegu lífi sem margir nemendur vita lítið sem ekkert um. Takist slík kynning vel er nemandanum ljósara en ella að hann les verk eftir mann sem markað hefur djúp spor í samfélag 20. aldar á Íslandi. Slíkt vekur ævinlega forvitni.

Augljóst er að í slíkri kynningu kemur sér vel bókin *Lífsmyndir skálds* eftir Ólaf Ragnarsson og Valgerði Benediktsdóttur. Þar er ævi höfundarins rakin í myndum, mörgum frábærum, og með fylgja góðir textar. Slík lesning er um leið kynning á sögu lands og þjóðar.

2.

Salka Valka er saga þess eðlis að ekki veitir af að fara rækilega í þann veruleika sem að baki liggur. Nauðsynlegt er að lýsa íslensku samfélagi á þeim tíma sem sagan á að gerast og þegar hún er rituð. Það eru þá einkum þrjú skeið sem staldra þarf við:

1. Árin 1912-1914.
2. Miður 3. áratugarinn.
3. Ísland í upphafi 4. áratugarins.

Höfundur fer oft á tíðum ansi frjállega með sögulegar staðreyndir en engu að síður mun slík umfjöllun dýpka verulega allan skilning á sögunni.

Ekki er síður mikilvægt að fara rækilega í alla þá atburði og sögulegar staðreyndir sem vísað er til í verkinu, einkum:

1. Atburðir og ástand í Bolungarvík á nokkurra ára skeiði í kringum

1930. Þetta er þýðingarmikið vegna þess að höfundur sækir mikið efni í þetta kaupþún á Vestfjörðum.
2. Kynning á þeim Ólafi Friðrikssyni, ritstjóra og stjórnámamanni og Jónasi Jónssyni frá Hriflu – þeir eru settir saman í Kristófer Torfdal sem miklu máli skiptir að nemendur átti sig á í sögunni.
 3. Stofnun Kommúnistaflokks Íslands árið 1930 þegar róttækir una ekki lengur í Alþýðufloknum sem studdi Framsóknarflokkinn gjarna í stórum málum. Arnaldur og þróun hans skilst vart án þeirrar kynningar.
 4. „Pólitískar ofsóknir“ á hendur Ólafi Friðrikssyni árið 1921 þegar hann kom til landsins með rússneskan dreng sem yfirvöld neituðu um landvist vegna smitandi augnsjúkdóms.
 5. Stóra bomban, þegar andlegt heilbrigði Jónasar Jónssonar var dregið í efa og olli uppþoti á landinu árið 1930.
 6. Hrun Íslandsbanka árið 1930.
 7. Alþingi rofið árið 1931 og boðað til nýrra kosninga.
 8. Styrrinn sem stóð um skáldsögu höfundar sjálfs, *Vefarann mikla frá Kasmír*, vorið 1927.

Að öllu þessu er vikið í *Sölku Völku* og óneitanlega dýpkar það skilning nemenda á sögunni og ekki síður á vinnulagi höfundarins, að fá innsýn í þessi efni.

3.

Sölku Völku er markaður bókmenntasögulegur bás eins og öðrum verkum og tilheyrir tímabili sem er stundum kennt við *félagslegt raunsæi* (1930-50). Brýnt er að nemendur fái nasasjón af þessu skeiði og einkennum þess. Þeirri spurningu þarf að svara hví skyndilega verður svo mikilvægt sem raun ber vitni að beita félagslegri greiningu á samtíðina svo að landslýður skynji betur en fyrr stöðu sína í nútíð, fortíð þjóðarinnar og framtíðarhorfur. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á að enn var þjóðfélagið ekki svo flókið sem síðar varð og því mátti með hæfilegri einföldun lýsa helstu stéttum þess og stéttaátökum í einni sögu.

Önnur hugtök bókmenntasögunnar, sem hugsanlega væri gagnlegt að kynna, eru *þjóðfélagsleg skáldsaga* (*verkalýðsbókmenntir* og *sósíalískt raunsæi* tengjast því á margan hátt) og *proskasaga*. Bæði þessi hugtök eiga vel við *Sölku Völku*.

4.

Salka Valka var skrifuð með ákveðinn boðskap í huga. Sá boðskapur skyldi hafa áhrif á lesandann sem þegar sæi samtíð sína, fortíð og framtíð í nýju ljósi – og einhver úrræði til breytinga á ríkjandi ástandi. Ég held að mjög gagnlegar umræður gætu orðið um það hvert hlutverk bókmennta sé eða eigi að vera. Nemendur eru í framhaldsskólum orðnir nokkuð æfðir lesarar barna- og unglingabóka og margir farnir að leita fyrir sér í hillunum með „fullorðinsbókunum“ og geta án efa tekið þátt í umræðum af þessu tagi. Þeir geta vafalítið einnig bent á bækur sem hafa haft mikil áhrif á þá og hugsanlega breytt lífssýninni að einhverju marki.

Á það má einnig benda að í sögunni sjálfri er látið að því liggja oft-
ar en einu sinni að lestur bóka geti skipt sköpum fyrir þroska mannsins.

Sögumaður

Salka Valka gefur kennurum færi á að ræða við nemendur um sögumanninn og ólíka stöðu hans. Eðlilegt er að kennari greini nemendum frá möguleikum höfundar þegar hann velur sér sögumann, hvort hann velur 1. persónu eða 3. persónu sem talsmann fyrir sig. Síðan hvaða möguleika þriðjupersónusaga býður upp á. *Salka Valka* speglar ágætlega alla fleti þriðjupersónusögu: Sagan er sjaldan hlutlæg, stundum heldur höfundur sig við sjónarhorn Sölku (takmarkað sjónarhorn), oft sér hann inn fyrir höfuðskeljar margra persóna í senn (alvitur höfundur) og fyrir kemur að sögumaður er ágengur mjög og heldur fyrirlestra og skýrir ýmislegt sem við þurfum að vita sem lesendur. Eftirfarandi dæmi mætti skoða:

Hlutlægt sjónarhorn

Komdu sæl, sagði hann.

Hvað ert þú að vilja hingað? sagði hún.

Hann glotti við og svipaðist um í herbergi hennar.

Það er einkennilegt að þú skulir vera komin hingað, sagði hann.

Jæa, sagði hún.

Það er vandreiknað út hvernig kvenfólk getur tekið uppá að haga sér, sagði hann.

Ég er ekkert kvenfólk, sagði hún. (409)

Takmarkað sjónarhorn

Síðan grét hún [Guja] og grét niðri koddableðilinn sinn, og þá fyrst sá *Salka Valka* að hún hafði andlit lítils barns sem á fjarskalega bágt, og henni rann reiðin á samri stundu og fór að kenna í brjósti um hana. Hvernig í dauðanum hafði hún getað tekið uppá þeirri fásinnu að fara að jagast við þetta fátæka barn, veikt og munaðarlaus, sem elskhugi hennar hafði dregið á talar. (419)

Alvitur höfundur

En pilturinn vildi óður og uppvægur halda áfram mannjöfnuðinum og byrjaði á nýjan leik:

Ég þori að veðja að þú verður full af einu glasi af portvíni.

Veðja? Portvíni? Drekkurðu líka brennivín? spurði stúlkan því hún hafði þá hugmynd að portvín og brennivín væri eitt og hið sama. (36)

Ágengur höfundur

Í þessu plássi virtist aldrei koma gott veður, því skaparinn var altaf að gera tilraunir með himin sinn. Eftir frost og snjóa var látinn koma vindur sem feykta mjöllinni í skafla. Þegar hann var búinn að feykja mjöllinni í skafla þá fór hann í hláku og bræddi upp alla skaflana sem hann hafði feykt saman með ærinni fyrirhöfn. Að öllu samanlögðu mátti segja að eftirlætisveðrátta skaparans hér í plássinu væri rigningin, ásamt öllum þeim tegundum af fýlu sem fylgdu henni [...] (62)

Stundum er og ljóst að til höfundar sést af ýmsu tilefni, t.d. sést hann stundum ansi kíminn eins og hann horfi yfir söguna og brosi í kampinn vegna tilburða mannanna. Þannig hefur höfundurinn sjálfur rödd sem oft heyrir á bak við alla atburðina. Auðvelt er að sjá dæmi um þetta í *Sölku Völku*.

Líklegt er að nemendur séu flestir að heyra þessi sannindi um sögu-manninn fyrsta sinni svo að brýnt er að fara varlega í sakirnar.

Salka Valka hefst þannig að tveir „långferðamenn“ sitja í reykinga-skála strandbátsins sem ber þær Sigurlínu og Sölku Völku að landi á Óseyri. Þeir ræða um þorpið og spyrja ýmissa spurninga (9). Hugsanlegt er að líta á alla bókina sem svör við þessum spurningum. Það er raunar verulega gott verkefni að nemendur reyni að svara spurningum þessum að lestri loknum.

- Hvernig skyldu menn lifa á svona stað?
- Og hvernig skyldu menn deya?
- Hvað skyldu menn segja hverjir við aðra þegar þeir vakna á morgnana?
- Hvernig skyldu menn líta hverjir á aðra á sunnudögum?
- Og hvað skyldi prestinum finnast þegar hann stígur í stólinn á jólu- og páska? Ég á ekki við, hvað hann skyldi segja, heldur í hrein-skilni, hvað skyldi hann hugsa? Skyldi hann ekki sjá hvað þetta er altsaman þýðingarlaust?
- Og um hvað skyldu dætur kaupmannsins vera að hugsa áðuren þær fara að sofa?
- Já, hverskonar gleði og hverskonar sorgir skyldu í rauninni þrífast í kríngum þessar litlu, dauðu olíutýrur? (9)

Það er mikilvægt að nemendur velji fyrir sér niðurstöðum manna tveggja:

Það hlýtur oft að koma fyrir á slíkum stöðum að menn sjái speglast hver í annars augum sannfæringuna um fánýti þess að vera til. Því hver maður hlýtur að viðurkenna að það er öldungis gagnslaust að lifa á slíkum stað, því hér er ekkert undirlendi nema þessi litli dalur sem virðist eiga botn sinn að þakka framburði árinna. Öll menning og öll ánægja skapast á undirlendi. Á stað þar sem aldrei er hægt að komast neitt burt og aldrei getur verið von á neinum ókunnugum, þar getur heldur aldrei verið neins að vænta. Hvernig færi til dæmis ef prestssonurinn yrði leiður á að vera skotinn í dóttur kaupmannsins? Já hvernig færi? Ég spyr bara. (9-10)

Vangaveltur um þessa niðurstöðu skipta miklu máli sakir þess að Óseyri er ekki einungis lítið þorp heldur Ísland allt. Höfundur setur okkur þar með í þann vanda að taka afstöðu til þess hvort borgi sig að byggja landið og vera Íslendingur. Er ekki bara betra að eyða ævinni annars staðar? Vandinn að vera Íslendingur og byggja þetta harða land er hér í brennidepli. Og sú spurning hverju þurfi að breyta til að gera líf manna bærilegra.

Bygging

Salka Valka er í tveimur hlutum, *Þú vínviður hreini* og *Fuglinn í fjör-
runni*. Hvor hluti skiptist síðan í tvennt; *Ástin*, *Dauðinn* og *Annar heim-
ur*, *Kjördagur lífsins*.

Nauðsynlegt er að nemendum sé ljóst að hlutarnir tveir eru gerólikir að því leyti að í þeim fyrri ríkir kyrrstaða, þar er fyrst og fremst lýst ástandi sem ekkert virðist geta haggað. Í seinni hlutanum skiptir máli að ný öfl koma til sögunnar sem leitast við að bylta ástandinu og innleiða ný viðhorf.

Nauðsynlegt er að velta náið fyrir sér heitum hlutanna tveggja og um leið heitum þáttanna fjögurra.

Verkefni (vangaveltur) um byggingu

1. Berið saman hlutana tvo. Hafið í huga hugtökin stöðugleiki/kyrrstaða og bylting/þróun. Hafið einnig í huga heiti hlutanna. Hvaða persónum tengjast titlarnir *Þú vínviður hreini* og *Fuglinn í fjör-
runni*?
2. Hvaða skilning leggið þið í heitin á bókunum fjórum, *Ástin*, *Dauð-
inn*, *Annar heimur*, *Kjördagur lífsins*? Hvernig er ástin sem lýst er? Hvað deyr í lok annarrar bókar með Sigurlínu? *Annar heimur* hefur tvíráða merkingu, hverja? (Takið eftir að *Annar heimur* kemur á eftir kaflanum *Dauðinn* alveg eins og stundum er talað um að annar heimur fylgi í kjölfar dauðans). Hví skyldi fjórða og síðasta bókin heita *Kjördagur lífsins*? Hver kaus og hvað var kosið?
3. Hugsid ykkur að einhver bæði ykkur að lýsa efni *Sölku Völku* í stuttu máli, kannski fimm línur. Hvernig yrði sú lýsing?
4. Athugið upphaf og endi *Sölku Völku*. Hvað er þeim sameiginlegt? Og hvað skilur þá að?

Samfélag manna

Mjög nauðsynlegt er að nemendur geri sér grein fyrir að á Óseyri við Axlarfjörð hefur höfundur sett alla íslensku þjóðina niður. Óseyri er Ísland í hnotskurn. Þar birtast okkur allar stéttir og öll baráttumál, í stuttu máli mannlíf á Íslandi á umræddu tímabili. Brýnt er að nemendur setji sig vel inn í stéttir þessa samfélags og stéttaandstæður, þróun samfélagsins, aðdraganda kyrrstöðunnar á Óseyri og orsakir og síðan á hvern hátt hún er brotin upp. Þeir þurfa að átta sig á trúarlífi sem skiptir miklu máli í sögunni, aðstæðum kvenna, gildi menntunar, mannlífinu, öllu daglegu amstri, gleði og sorgum, og síðast en ekki síst misskiptingu auðsins sem *Salka Valka* tekur fyrir sem meginefni. Þessi málefni skarast öll á ýmsa vegu en þrátt fyrir það er áreiðanlega hollt að taka öll þessi verkefni fyrir.

Verkefni um stéttir

Hverjir mynda hástéttina á Óseyri? Hverjir millistétt? Og hverjir lágstétt? Hvað einkennir hverja þessara þriggja stétta fyrir sig? Athugið lífskjör, áhugamál, viðhorf til annars fólks. Hver þessara þriggja stétta er ekki ein og söm; hástéttin er tvískipt – hvernig? Sama er að segja um miðstéttina. Hvernig er hún skipuð? Hvernig er háttað tengslum miðstéttar við stéttirnar fyrir ofan og neðan hana? Hugsanlega er lágstéttin í þremur lögum – hverjum?

Mikilvægt er einnig að huga að hreyfanleikanum. Hverjir eru á leiðinni milli stétta? Hvað þurfa menn að hafa til brunns að bera til að færast upp í nýja stétt?

Verkefni um þróun

Harla brýnt er að nemendur fái góða mynd af þróun samfélagsins sem sagan lýsir. Hver var aðdragandi þeirrar kyrrstöðu sem lýst er í fyrri hlutanum? Af hverju varð kyrrstaða? Hvað brýtur hana upp? Á hvaða leið er þetta samfélag? Hvernig samfélag er á Óseyri? Að hvaða leyti er Óseyri við Axlarfjörð ólík því samfélagi sem við þekkjum best – og að hvaða leyti líkt?

Verkefni um daglegt líf

Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir mannlífinu á Óseyri. Hvað með frístundir, skemmtanir, listir, vísindi, trúariðkun, lestur bóka, samband manna á milli, leiki barna? Hvað með mat og klæði, húsakost o.fl.?

Nú á dögum er mikið rætt um einelti. Hvernig birtist það í *Sölku Völku*? Hvað veldur því að hún er lögð í einelti? Kannast nemendur við slíkt úr sínu lífi?

Verkefni um trúmál

Fram kemur að trúin á sér tvö höfuðvígi, þjóðkirkjuna og Hjálpræðisherinn. Hver er munurinn á þessum trúfélögum ef svo má segja? Hver eru tengsl þeirra við fólkið? Hví skyldi Hjálpræðisherinn að ýmsu leyti hafa sterkari stöðu? Hvernig er sambandi þessara tveggja víga kristindómsins háttað?

Að hvaða leyti kemur trúin fólkinu að gagni – eða er hún gagnslaut tæki, jafnvel hættulegt, eins og hún er sýnd í bókinni? Er trúin óþíum fyrir fólkið, eins konar deyfilyf til að flýja veruleikann og gleyma eyndinni og volæðinu og koma í veg fyrir aðgerðir fólksins til að bæta hag sinn? Er hugsanlegt að ekki sé mikill munur á vímu hins drukkna og hinna sem frelsast hafa? Presturinn Sófanías segir á einum stað upp úr trúarriti: „...örðugleikar jarðlífsins eru himneskur agi, en þeir eru jafnvel betri en agi, þeir eru vagnar guðs, sendir til að flytja sálina upp til sigurhæða.“ (241) Hvers konar guðfræði er þetta? Kannið samband hinna ýmsu persóna sögunnar við kirkjuna og Herinn, ekki síst Sigurlínu, Sölku Völku og Steinþórs. Hvernig er trú Steinþórs háttað? Er hann alveg ósnortinn af boðskap kirkjunnar?

Verkefni um konur

Salka Valka berst á tvennum vígstöðvum. Hún er dóttir þeirrar persónu sem lægst er sett á Óseyri. Og hún er líka kona. Sigurlína, móðir hennar, getur ekki staðið ein og óstudd. Hún verður að sækja sér styrk að utan. Hún hefur tvær leiðir, karlinn og guð. Hvor leiðin er sterkari í lífi Sigurlínu? Þriðja leiðin er að yfirgefa mannlífið – og það hefur hún lengi gælt við og lætur verða að veruleika þegar hin haldreipin bila. Salka Valka uppgötvar að móðir hennar er hjálparvana í böndum síns eigin kyns – og móðirin verður undir í baráttunni við kynveruna:

Úti þessari nótt átti hún aungva mömmu. Aðeins var stúlkan Sigurlína Jónsdóttir einhversstaðar úti þessari nótt, en hún var ekki móðir hennar. (62)

Hvaða áhrif hafa örlög móður hennar á hana? Hverjum augum lítur hún sitt eigið kyn? Sinn eigin líkama? Hvað finnst Sölku Völku að felist í orðinu „stúlka“? Hvað gerir hún til að forðast að lenda í sömu

súpunni og Sigurlína? Hvernig mætir Salka Valka ástinni? Og kynhvötinni?

Sölku Völku dreymir merkilegan draum og ruglast í draumnum á þeim Arnaldi sem hún „elskar“ og Steinþóri sem hún hatar og fyrirlítur:

Hana dreymdi hún stæði á brúnni yfir litla lækinn, sem þrýtur hvorki vetur né sumar. Og brúin var þá altíeinu orðin úr hvítasykri einsog stiginn hjá kaupmanninum. Á túni læknisins stóð piltur með knött og knattþrik. Hann sló knöttinn í áttina til hennar, hamingjunni sé lof, loksins var hún þá sjálf í leiknum, og hún rétti fram hendurnar til grips. En einmitt í þeim svifum sem hún ætlaði að fara að grípa, þá tók hún eftir því að pilturinn á læknistúninu var ekki Arnaldur einsog hún hafði haldið, heldur – Steinþór.

Hún vaknaði með ángist og hryllingi. (91)

Í þessum draumi Sölku Völku kristallast margt sem hún þráir og einnig það sem hún hræðist. Fjallið um það.

Það er einnig eftirtektarvert að Salka Valka verður að berjast við sjálfa sig til að falla ekki í sömu gröf og móðir hennar. Auðvelt er að sjá að hún hrífst af Gústu, kaupmannsdótturinni, „öfundar“ hana t.d. af finum fötum – og það sem verra er: Hún sér í henni keppinaut – og er þá komin langleiðina að því marki sem lagði líf Sigurlínu í rúst. Hvernig kæfir Salka Valka allar slíkar tilhneigingar til að halda sjálfstæði sínu?

Verkefni um menntun

Gildi menntunar kemur talsvert við sögu. Það er Eyjólfur sem fyrstur minnst á slíkt:

En þekkingin og sú skemtun sem býr í góðri bók er betra en ríki-dæmi, og þessvegna mundi ég í þínum sporum leggja meiri rækt við lestur og skrift. Og það er það sem þeim þykir verst ef þeir vita að þú hefur þekkingu. (81)

Hvað gerir þekkingin fyrir manninn? Hverju getur hún breytt? Hvað græðir Salka Valka á því að lesa bækur? Og hverjir eru „þeir“?

Þetta skiptir líka verulegu máli í umfjöllun um Arnald. Hví las Arnaldur bækur? Hvaða áhrif höfðu bækurnar á hann?

Verkefni um misskiptingu auðsins

Salka Valka kom upphaflega út í tveimur bindum (samsvarandi hlutum tveimur nú) og Halldór Laxness kallaði sjálfur fyrri bindið bók um peningalaust fólk. Meginviðfangsefni bókarinnar er misskipting auðsins og óréttlætið sem fylgir hinum kapitalísku viðskiptaháttum.

Hvernig er veldi Bogesens grundvallað? Með hvaða hætti hefur hann sífellt undirtökin?

Heldurðu að þeir sem eiga netin veiði sjálfir? Asni. Auðvitað lét ég karlana snurpa. Ég var bara yfirmaður. Pabbi minn fiskar aldrei sjálfur. Hann á bara allan fisk hér í firðinum og öll skip. (35)

Þetta segir sonur Bogesens. Fjallið um orð hans. Þetta ástand er sá stöðugleiki sem ríkir í fyrri hluta *Sölku Völku*. Hefur einhver út á þetta ástand að setja – eða lítur fólk á þetta sem orðinn hlut sem ekki er hægt að hrófla við?

Í seinni hlutanum er stöðugleikinn dreginn í efa. Hverju breytir það fyrir almúgann þegar sjómenn taka sig saman og stofna félag fyrir sig? Hvenær fer að brydda á því að alþýðan vilji fá eitthvað í sinn hlut?

Hvernig gengur með verkfallið? Hví skyldi það ganga svo sem lýst er?

Persónur

Augljóst er að nemendur kynnast verulega fjölbreyttu safni persóna í bókinni – enda nauðsynlegt að hafa í huga að í henni er íslenska þjóðin saman komin. Sumar persónurnar má kalla „týpur“ en aðrar eru með skýr einstaklingseinkenni, þroskast og breytast og sýna á sér fleiri en eina hlið.

Verkefni: Salka Valka

Salka Valka er augljóslega aðalpersóna bókarinnar. Í umfjöllun um hana er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga: Uppruni hennar, samband hennar við Sigurlínu (ást, fyrirlitning, minningar), afstaða til konunnar sem kynveru og þar með til líkamans, snyrtingar og klæðaburðar (gerir Salka sig vísvitandi að lítt spennandi konu?), ástin og sjálfstæðið, hugmyndir Sölku um framtíðina og stöðu hennar sjálfrar. Í hverju er sigur Sölku Völku fólgin í lok bókarinnar? Hvað verður um Sölku?

Víst er að mikilsvert er að gera sér grein fyrir Sölkunni í öllum konum og öllum mönnum sem verða að brjótast til sigurs yfir sjálfum sér og aðstæðum sínum til að eiga möguleika í lífinu.

Hvernig passar Salka við þær kvenímyndir sem nú er haldið svo stíft að fólki, ekki síst ungum stúlkum? Hún er stór og digur, nautsterk, heilsuhraust og víst fremur ófrið – samt er hún heillandi svo af ber og dregur athygli manna að sér. Hvað veldur því? Minna má á að kvenleg form Sölku eru áberandi, hún er brjóstamikil og mjaðmir hennar miklir og varir hennar eru þrýstnar og sívotar.

Má líta svo á að Salka telji sig eiga sök á dauða móður sinnar og sé því bugð af sektarkennd fram eftir aldri?

Salka verður ekki skoðuð ein fremur en aðrar persónur. Fjalla verður um hana í samhengi við aðrar persónur, einkum Sigurlínu, Steinþór og Arnald. Hvernig móta þessar persónur líf hennar? Og hvernig hefur hún áhrif á þær? Hvaða augum lítur þorpið Sölku?

Lærdómsríkt er að skoða Sölku Völku milli hinna sterku póla Steinþórs og Arnalds, veruleikans og draumsins, hins dýrslega og hins siðmenntaða.

Verkefni: Sigurlína

Sigurlína er að vissu leyti aðalpersónan í fyrri hluta *Sölku Völku*. Athugið að hún segir sögu sína sjálf (94-97) og opinberast margt í þeirri frásögn. Hún hefur nánast aldrei séð til ljóssins. Hún er haldin djúpri sjálfsfyrirlitningu að því er virðist en vill samt keppa að viðurkenningu

samfélagsins og guðs á sér sem virðingarverðri manneskju. Til þess kann hún ekki mörg ráð en hver eru þau? Auðvelt er að skynja í Sigurlínu löngunina til að hverfa, gefast upp og deyja. Hvað með hugmyndir Sigurlínu um sjálfstæði?

Er dauði Sigurlínu eins konar friðþægingardauði svo sem margir hafa bent á? Svipar dauða hennar til dauða Krists á krossinum? Kristur dó til að aðrir mættu lifa. Fyrir hvern deyr Sigurlína? Munið að leit Sigurlínu að húsnæði í upphafi sögunnar, er hún gengur bónleið til búðar, minnir um sumt á þrautagöngu Maríu meyjar þungaðrar. Auk þess virðist Sigurlína haldin sjálfþíningarhvöt, líkt og hún reyni að nálgast guðdóminn með kvölum, sbr. kvalir Krists á krossinum. Og hún deyr á páskum.

Hvað veldur því að svo illa fer fyrir Sigurlínu sem raun ber vitni? Nægir það konunni að líta á sig eingöngu sem kynveru fyrir karlmanninn og móður fyrir barnið sitt?

Hverjum augum lítur Sigurlína dóttur sína? Hví skyldi hún sjá keppinaut í Sölku barnungri? Sigurlína þráir að samfélagið viðurkenni að hún sé heiðvirð kona. Hvað getur hún gert til þess? Kannist þið við Sigurlínur eða einhverja þætti úr hennar persónu í samtímanum?

Sigurlínu verður náttúrlega að skoða í samhengi við Sölku og Steinþór og raunar þorpið sem heild.

Verkefni: Arnaldur

Arnaldur sýnir á sér margar hliðar. Í umfjöllun um Arnald þarf að staldra við margt. Hver eru viðhorf hans til fólksins í þorpinu, t.d. barnanna? Í umfjöllun um Arnald þarf að taka afstöðu til hugtaka eins og draumlyndi/raunsæi – staðfesta/staðfestuleysi – heiðarleiki/óheiðarleiki. Er Arnaldur baráttuhetja eða vingull eða eitthvað þar á milli? Hefur hann þrek til að bjóða heiminum birginn? Að hve miklu leyti setur móðurmissirinn svip sinn á líf Arnalds? Er hann e.t.v. alltaf að leita hennar? Hvað dregur hann að Sölku Völku? Hvað fyrir lítur hann í fari hennar? Að hverju er Arnaldur eiginlega að leita? Er líklegt að hann komist einhvern tíma á endastöð? Hví bregst Arnaldur bæði Sölku, fólkinu og hinum góða málstað?

Arnald verður fyrst og fremst að skoða í samhengi við Sölku. Hvernig er sambandi þeirra háttáð? Hvenær þiggur hún af honum og hvenær gefur hún? Hví velur hún þann kost að „leysa hann úr viðjum“?

Í bókinni eru Arnaldur og Steinþór hinar sterku andstæður. Um þá er lærdómsríkt að fjalla saman.

Verkefni: Steinþór

Steinþór er ein magnaðasta persóna bókarinnar. Auðvelt er að fyllast viðbjóði á Steinþóri en hann sýnir á sér margar hliðar og ólíkar og er e.t.v. torskildasta persónan. Bendið á andstæðurnar í fari Steinþórs. Finnið dæmi um hið viðbjóðslega og siðlausa í fari hans, sjálfstæðið, hreystina og hið blíða og ljóðræna. Ein leið til skilnings á Steinþóri er að bera hann saman við landið sjálft, íslenska náttúru og veðurfar, sem rúmar hugsanlega alla þætti Steinþórs. Er Steinþór kannski landið sjálft, eða eingetinn sonur þessarar óbliðu, hrikalegu náttúru sem stundum verður undurblíð og góð móðir landsins barna? Hvenær sjáum við hið blíða og ljóðræna í fari Steinþórs?

Hví skyldi Steinþór hafna allri trú; á guð, á lýðræði, á veraldleg yfirvöld, á hugsjónir? Á hvað trúir Steinþór? Er hægt að skýra trú hans? Hann ber lotningu fyrir tungumálinu og er greinilega allgott skáld. Hvað segir það um Steinþór sem sannarlega virðist ekki skáldlega þenkjandi allajafna?

Er Steinþór hetja eða heigull? Auðvelt er að líta á utanferðir hans og taumlausa drykkju sem flóttu – hvað flýr hann? Hugsanlega skýrist ævi hans nokkuð af þeirri sögu sem hann segir af uppvesti sínum (171).

Steinþór virðist vera einn fárra í sögunni sem skilur allar aðstæðurnar í þessu þrönga samfélagi, kúgunina og óréttlætið. Hví stendur hann ekki með þeim sem reyna að brjóta óréttlætið á bak aftur?

Höfundur gerir göngulag Steinþórs táknrænt fyrir hann sjálfan:

[...] og [Sigurlína] virti fyrir sér hið þróttmikla luralega gaungulag hans: hvað hann rak oft tærnar í frosna hnjóska, hvað honum hætti oft við að stíga öðrum fæti ofan í holu, hvað hann virtist oft nærri því kominn að hrasa, – og hvað hann var samt ólíklegur til að geta dottið. Hann virtist aldrei gefa fótómálum sínum hinn minsta gaum, hann anaði, kjagaði, þjösnaðist áfram, án þess að sjást nokkurntíma fyrir. (51)

Hvað segir göngulagið um persónuna sem á ferð er?

Margar aðrar frábærar persónur koma við sögu í *Sölku Völku* og margar þeirra er rétt að taka til umfjöllunar í kennslustundum. Þessar persónur eru margar hverjar fremur einhliða að gerð, sýna eiginleika fremur en fólk af holdi og blóði – hvaða eiginleika?

Ný trú

Verkefni um hugsjónir, ádeilu og boðskap

Maðurinn er fagnaðarboðskapur hinnar nýju menningar, maðurinn sem hin fullkonnasta líffræðileg tegund, maðurinn sem félagsleg eining, maðurinn sem lífstákn og hugsjón, – hinn eini sanni maður, – ÞÚ. Þess vegna skaltu ekki leggja trúnað á það, sem sagt er í kristilegum bókum, að þegar lítilmagninn er fótum troðinn, þá sé verið að beita bræður þína ranglæti; – nei, það er miklu alvarlegra en svo: Þar sem börn öreigans eru mergsogin til ágóða fyrir morðhunda auðvaldsins, – þar er verið að traðka sjálfan þig saman við sorpið, þig, hinn eina mann, hina æðstu opinberun lífsins, ÞIG [...]

Þetta ritar Halldór Laxness sem lokaorð *Alþýðubókarinnar* árið 1929 og þá var hann byrjaður að skrifa *Sölku Völku*. Reynið að tengja þessi orð við hugsjónir sögunnar. Fyrrum átti það við guð sem hér er sagt um manninn. Hvers konar siðskipti eru hér boðuð? Hvernig hlýtur samfélagið að breytast með þessari nýju trú?

Og hið nýja ríki mannsins er ekki einungis karlmannsins – heldur líka konunnar. Þegar sagan er rituð var sannarlega ekki um auðugan garð að gresja þegar kom að róttækum hugmyndum um hlutverk kvenna. Hvarvetna blasti við að æðsta köllun konunnar væri hjónaband og barneignir og konungsríkið var heimilið. Hvað má lesa um kvenhugsjón höfundar í *Sölku Völku*? Hver er hin „nýja kona“ ef Salka Valka er hún?

Salka Valka er rituð af sannfærðum sósíalista og bókinni er ætlað að boða nýja trú og afnema heimskulegt og illmannlegt stjórnmkerfi sem byggist á einstaklingshyggju, afturhaldi og þjóðrembu. Er tilraunin sannfærandi?

Hvað eftir annað minnir Halldór á að upphaf hins illa er fátæktin sem rænir fólkið öllum möguleikum til að lifa mannsæmandi lífi og menningu. Hvernig finnst ykkur Halldóri takast að sýna fram á það í *Sölku Völku*? Hvaða talsmönnum beitir hann fyrir sig í þessu efni í sögunni?

List

Verkefni um mál, stíl, myndir og tákni

Hvers konar mál skrifar Halldór Laxness? Hvenær er hann kaldhæðinn? Hvenær hátiðlegur? Hvenær ljóðrænn? Hvenær notar hann tókuorð og fágæt orð sem hann hefur fundið meðal alþýðunnar? Stundum notar höfundur myndmál. Hvert sækir hann myndir sínar?

Hvernig tala persónurnar sem við sögu koma? Þar er talsvert athugunarefni.

Náttúran og veðurfar gegna mjög miklu hlutverki í *Sölku Völku*. Hvers konar veður fylgir Sigurlínu?

Þegar líður á söguna og Salka verður meira áberandi verður náttúran og veðrið með öðrum hætti. Fylgið því vel eftir.

Fjallið, sem gnæfir yfir öllu mannlífi þorpsins, kemur mikið við sögu og nauðsynlegt er að ræða hvaða hlutverki það gegnir.

Aðferðir

Engin kennsluáðferð er fullkomin og flestar hafa eitthvað til síns ágætis. Sumar henta kennaranum betur en aðrar – og svo er einnig um nemendur. *Salka Valka* er löng og mikil bók og þarfnast áreiðanlega margra kennslustunda til yfirferðar. Sjálfsagt er því að beita fjölbreyttum kennsluáðferðum.

Fyrirlestrar kennarans hljóta að koma við sögu svo sem bent hefur verið á í kaflanum um undirbúning. Sjálfsagt er einnig að virkja nemendur til fyrirlestra um ákveðin efni, t.d. persónur í sögunni. Nemendur þurfa nauðsynlega að temja sér að koma fram fyrir hópa og tala svo að áheyrilegt sé. Með einu höggi eru því slegnar tvær flugur.

Umræðu- og spurnaraðferðir koma áreiðanlega að miklum notum í kennslunni. *Salka Valka* tekur á mörgum málum sem enn eru í brennidepli og hlýtur því að vekja sterk andsvör. Mikils virði er því að skapa umræður, laða fram viðbrögð, rök og hugmyndir. Brýnt er að virkja sem flesta nemendur til þátttöku. Þessi aðferð er stundum kennd við *málstofu*, þ.e. t.d. einn nemandi reifar eitthvert mál og síðan fara fram skoðanaskipti. Gjarna má þá líkja eftir réttarhöldum og sækja mál og verja. Málfundir með ýmsu sniði eru nátengdir þessu formi og geta vissulega komið sér vel í kennslunni. Með þeim hætti mætti gjarna taka á Steinþóri og Bogesen svo dæmi séu nefnd.

Fjölmörg viðfangsefni í *Sölku Völku* henta til *hópvinnu* þar sem nemendum eru fengin verkefni til úrlausnar. Einum úr hópnum er síðan falið að vera talsmaður og síðan hefjast umræður undir stjórn kennara eða einhvers nemanda.

Ritgerðasmíð er augljóslega ein leið til að nálgast bókina. Slik aðferð er harla góð í lok yfirferðar er nemandinn getur séð yfir sviðið og velt fyrir sér ýmsu sem komið hefur fram í tímum og tekið afstöðu til þess.

Heimildavinna þar sem nemandinn vinnur úr gögnum kemur hér sterklega til greina. Mikið hefur verið skrifað um *Sölku Völku* og margir færir vísindamenn hafa látið sér detta margt í hug til skýringar og skilnings á verkinu. Sjálfsagt er því að ganga á lagið. Heimildavinna getur verið með ýmsu sniði og ekki alltaf í formi heimildaritgerða svo sem venjulegast er. Skoðanir annarra má vitaskuld flytja munnlega og hvetja til viðbragða og umræðna.

Hollt að lesa

Mikið hefur verið ritað um Halldór Laxness, ævi hans og verk. Eftirfarandi rit og greinar koma nemendum helst til góða:

- Árni Sigurjónsson. 1987. *Laxness og þjóðlífið. Frá Ylfingabúð til Urðarsels*. Reykjavík, Mál og menning.
- Gerður Steinþórsdóttir. 1970. „Lýsing Sölku Völku í skáldverki Halldórs Laxness. Kaflar úr ritgerð til B.A.-prófs í íslensku í janúar 1970.“ *Mímir*, 9. árg.; 1. tbl.: 31-44.
- Hallberg, Peter. 1970. *Hús skáldsins. Um skáldverk Halldórs Laxness frá Sölku Völku til Gerplu*. Fyrri bindi. Helgi J. Halldórsson íslenskaði. Reykjavík, Mál og menning.
- Hallberg, Peter. 1975. *Halldór Laxness*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristinn E. Andrésson. 1949. *Íslenskar nútímabókmenntir. 1919-1948*. Reykjavík, Mál og menning.
- Kristinn E. Andrésson. 1976. *Um íslenskar bókmenntir. Ritgerðir I*. Reykjavík, Mál og menning.
- McMahon, Neil. 1994. „Að færa skáldsögu yfir í myndform: *Salka Valka*.“ Þýð.: Guðni Elísson. *Tímarit Máls og menningar*, 55. árg.; 3. h.: 72-86.
- Ólafur Ragnarsson og Valgerður Benediktsdóttir. 1992. *Lífsmýndir skálds. Æviferill Halldórs Laxness í myndum og máli*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.
- Soffía Auður Birgisdóttir. 1992. „Hvað er kona af konu fædd? Getur hún aldrei verið frjáls?“ *Tímarit Máls og menningar*, 53. árg.; 3. h.: 9-19.

